

Nd.

489. Breytingartillögur

[8. mál]

við frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 2. gr. í stað orðanna „I. kafla laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt“ komi: I. kafla laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.
2. 7. gr. orðist svo:
Ákvæði VIII.—XIV. kafla laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts, eftir því sem við á, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.
3. 8. gr. orðist svo:
Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1980 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1981. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 40/1978, með síðari breytingum, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.
4. Á eftir 10. gr. komi nýtt ákvæði er verði ákvæði til bráðabirgða og orðist svo:
Við ákvörðun tekjuskatts og útsvars á árinu 1980 er heimilt að draga frá tekjum ársins 1979 sem rekstrarútgjöld skatt þann er lagður var á samkvæmt lögum nr. 112/1978, um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.